

RECARO



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION



Barnabílstólar í úrvali

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

BÍLASMIDURINN HF

SUÐUR

LANDSHLUTABLAÐ

1. tölublað
1. árgangur

— 14. DESEMBER 2017 —



Glæsileg jólasýning fimleikadeildar



Merkileg heppni!

HAPPA
PRENNAN
Skemmtilegt að skafa!



Gleðilega hátíð

Selfoskirkja er ein af myndum Jóns Inga Sigurmundssonar á sýningu í Listagjanni í Bókasafni Árborgar, sem stendur út desember. Auk þess er sýning á verkum Jóns Inga á Hótel Selfoss, sem stendur út mars á næsta ári. Hann var valinn vetrarlistamaður Myndlistarfélagis Árnesinga fyrir nokkru en þessi fjölhæfi listamaður hefur vakið verðskuldaða athygli með vatnslitamyndum sínum að undanfögnu.

Elísar
stækkar hótelið



Ninna Sif skrifar
jólhugvekjuna



Ekki
gleyma mér



BÓNFEÐGAR

Sími: 482 2327 / 848 2327 - Gagnheiði 51 - Selfossi

Þvottur - Djúphreinsun
Bón - Mössun - Vélapvottur

Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar

Við sérsníðum og eigum líka hitaveitukassa á lager. Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl. Fáanlegir í mörgum litum.



Gasskápar

Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.

Láttu ekki stela af þér kútnum!



VTK
BLIKKSMÍÐJA

Blikksmiðjan Vik ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

SOUS VIDE

Sennilega jólagjöfin í ár

1300W Sous vide frá Unold. Heimilistæki til hægeldunar.

Spennandi leið til eldunar og leikur einn.

Tryggir nákvæman kjarnhita og eldamennskan verður óviðjafnaleg.

Tækið hefur fengið verðlaun í Þýskalandi fyrir hönnun.



EYRAVEGI 32 - SELFOSSI - SÍMI 480 1160


19.900,-

UNOLD®

Frá Þýskalandi



GERMAN
DESIGN
AWARD
SPECIAL
2017



High Quality
Bedienungssicher
Funktionsstark



Athugið að Vacuum-pökunarvélín er seld sér.



Landsvirkjun

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.


Orka til framtíðar

Jarðvarmastöðin á Þeistareykjum er nýjasta aflstöð Íslendinga. Hún var gangsett 17. nóvember 2017, en áttatíu árum fyrr var elsta aflstöðin, Ljósafossstöð, gangsett. Margt hefur breyst á þessum tíma. Uppbygging raforkukerfisins hefur verið ein af forsendum velmegunar og lífshjálka á Íslandi og hér hefur orðið til einstæð þekking á sviði endurnýjanlegrar orku.

Við allan undirbúning og framkvæmdir við Þeistareyki hefur markmiðið verið að reisa hagkvæma og áreiðanlega virkjun sem tekur mið af umhverfi sínu og náttúrunni. Þegar virkjun er reist er mikilvægt að vandað sé til allra verka, bæði til að lágmarka umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna en líka til að tryggja að framkvæmdin skili þjóðinni arði til lengri tíma.

Landsvirkjun hefur frá upphafi unnið endurnýjanlega orku. Vitundarvakning um umhverfis- og loftslagsmál á heimsvísu hefur aukið verulega verðmæti slíkrar raforku. Skynsamleg ráðstöfun fjármuna hjá fyrirtækinu hefur einnig gert það að verkum að hægt verður að greiða hærri fjárhæðir í arð til eiganda fyrirtækisins, íslensku þjóðarinnar. Við erum stolt af því.

Við óskum landsmönnum öllum gæfu á nýju ári og þökkum farsælt samstarf á liðnum árum.



LEIÐARI

Suður – landshlutablað

Suður landshlutablað tekur við keflinu af Suðra eftir að óskað var eftir gjaldþrotaskiptum yfir Pressunni, útgáfufélagi þess síðarnefnda með tilheyrandi tjóni fyrir starfsfólk miðlanna. Fótspor, upphaflegur stofnandi landshlutablaðanna sem hafði selt þau til Pressunnar, stofnaði ný blöð á grunni þeirra gömlu og er Suður eitt þeirra. Rekstur blaðanna hefur gengið ágætlega og því var það óviðunandi að rekstur þeirra skyldi stöðvast vegna átaka um útgáfufélag þess.

Landshluta- og héraðsblöðin gegna mikilvægu hlutverki í flóru fjölmiðlanna. Þau birta fréttir og frásagnir af menningu og mannlífi úr byggjum landsins sem ná oft ekki inn á radar landsmiðlanna. Gróska mannlífsins út um allt land er ríkuleg og mikilvægt að halda henni til frásagnar. Þá gegna héraðsbundnir miðlar oft því hlutverki að sameina samfélögin og eru vettvangur skoðanaskipta um málefni byggðanna.

Þingmenn, sveitarstjórnarmenn og aðrir þeir sem láta sig varða einstök málefni sem tengjast landshlutunum eiga vísan og opinn farveg fyrir skoðanir sínar og skrif í þessum blöðum. Það var einkar ánægjulegt hve margir nýttu sér það að skrifa efni í Suðra sem fyrir vikið barst inn á hvert heimili og fyrirtæki á svæðinu frá Hellið austur að Höfn og til Vestmannaeyja.

Suður verður áfram slíkur vettvangur. Munum við kappkosta við að kalla eftir efni frá öllu regnbogans litrófi stjórnámálanna í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna á næsta ári. Því er þetta tilefni nú þegar 1. tölublaðið kemur út notað til að hvetja alla þá sem láta sig málefni sveitarfélaganna varða að nýta sér þann opna vettvang sem blaðið er.

Þá skiptir miklu að þau sem starfa í menningar- og eða félagsmálum á svæðinu séu dugleg við að senda blaðinu ábendingar um áhuga-vert efni sem vert er að segja frá. Allt slíkt er afar vel þegið. Um leið og við sem stóðum að Suðra þökkum fyrir samfylgdina síðastliðin tvö ár höldum við ótraud áfram við að miðla fréttum og frásögnum af Suðurlandinu í nýju blaði á grunni þess gamla. Gleðilega hátíðina.

Björgvin G. Sigurðsson



Ninna Sif Svavarsdóttir, prestur við Selfosskirkju, skrifar jólahugvekjú Suður:



ANDSPÆNIS ÖLLU STANDA TVÖ BÖRN

Undanfarna morgna hefur Selfosskirkja íðað af fjórum þegar leik – og grunnskólabörn bæjarins, alls um 950 börn, hafa sótt kirkjuna heim. Við starfsfólk kirkjunnar undirbyggjum þessar stundir af kostgæfni enda erum við þakklát fyrir að fá að njóta þeirra. Heiðrikjan og einlægnin í andlitum barnanna, tilhlökkun þeirra og einlæg gleði getur ekki annað en snert við okkur sem erum svo heppin að fá að undirbúa jólin með þeim. Eitt af því sem við vildum vekja athygli á í þessum samverustundum var einmitt í hverju undirbúningur jólnanna ætti að felast, og hvað það væri sem raunverulega gæfi jólnunum gildi. Og börn eru skynsemisverur og átta sig alveg á því. Þannig geta þau minnt okkur fullorðna fólkið á og leiðbeint okkur.

Staðreyndin er sú að adventan getur verið erfiður tími. Með okkur kunna að búa áhyggjur og kvíði yfir því að geta ekki einhverra hluta

vegna veitt þeim sem við elskum það sem okkur finnst þurfa til að halda jólin hátíðleg. Með okkur kunna líka að búa minningar sem bæði eru góðar og slæmar og væntingar geta líka truflað, bæði væntingar okkar sjálfra og ástvina okkar um jólahald, sem stundum eru færðar í orð og stundum ekki. Við finnum þrýstinginn sem er á okkur öllum um að mæta þessum væntingum. Það er ekki alltaf hjálplegt og styðjandi.

Að fá að njóta undirbúnings jólnanna og jólnanna sjálfra með börnum er gjöf sem við getum þakkað með gjöf, þeirri gjöf að vera heiðarleg við okkur sjálf og þau um hvað það er sem við raunverulega þörfumst. Náðar, samveru, tengsla. Með því erum við að segja: Takk fyrir að breyta lífi mínu. Takk fyrir að gefa mér tækifæri til að verða betri manneskja.

Óhætt er að segja að það er öllum þeim sem fá að koma að uppeldi barna og njóta samvasta við þau mikil gæfa, einhver sú mesta sem hægt er að hlotnast í lífinu. Það er gjöf í sjálfu sér að fá að taka út þann þroska sem hlýst af því að ala upp börn. Þau fylla okkur af þeirri tilfinningu að við skiptum máli – hvar væru börnin ef ekki væri fyrir okkur, fullorðna fólkið, sem önnumst þau, uppfyllum þarfir þeirra og kennum þeim um rétt og rangt. Og svo í einni andrá verðum við þiggjendur þegar við þiggjum þeirra skilyrðislausu elsku og traust. Já, börnin eru okkur gjafir, ekki síst vegna þess að þau segja okkur sannleikann um okkur sjálf og um samfélagið sem við

„Staðreyndin er sú að adventan getur verið erfiður tími. Með okkur kunna að búa áhyggjur og kvíði yfir því að geta ekki einhverra hluta vegna veitt þeim sem við elskum það sem okkur finnst þurfa til að halda jólin hátíðleg.“

búum þeim.

Ekkert vekur okkur meiri ugg en brostin augu barna sem lifað hafa hörmungar, og er um leið vitnisburður um að einhvers staðar hafa einhverjir fullorðnir villst af leið. En sérhvert barn sem fæðist í heiminn færir okkur heim sanninn um að heimurinn getur átt bjarta framtíð fyrir sér, berum við gæfu til að búa því gott samfélag til vaxtar og þroska.

Áskorunin til okkar um jól og adventu er því sú að snúa jólaundirbúningnum okkur í hag, því viðkvæma, brothaetta og dýrmæta í hag. Því andspænis öllu dótinu, hávaðanum, kapphlaupunum og neyslunni standa tvö börn: litla barnið í okkur sjálfum og barnið í Betlehem. Sambandið milli þeirra kærleikurinn sjálfur, kærleikur Guðs til manna, kærleikur sem þú átt skuldlausan og alveg skilið.

Um þetta snúast jólin. Guð gefi ykkur gleðilega jólahátíð.

Ninna Sif Svavarsdóttir.

1. tölublað, 1. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Björgvin G. Sigurðsson, sími: 863-5518 netfang: sudri.heradsblad@gmail.com
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. Dreifing: Íslandsþóstur. Vefútgáfa PDF: www.fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 10.500 eintökum á öll heimili á Suðurlandi.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði



Leiðiskrossar 12 volt,
24 volt og 32 volt.
Vönduð íslensk framleiðsla.

JS LJÓSA SMÍÐJAN
VELAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVELAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp.
Símar: 554 0661 - 699 2502 - 897 4996



Byltingin sem rann út í sandinn

Út er komin hjá Veröld bókin Uppreisnarmenn frjálshyggunnar – Byltingin sem aldrei varð eftir Styrmi Gunnarsson

Árið 1978 kvaddi sér hljóðs ný kynslóð innan Sjálfstæðisflokksins sem var innblásin af hugmyndafræði frjálshyggunnar. Í árunna rás urðu ýmsir af þessum uppreisnarmönnum frjálshyggunnar helstu valdamenn í íslensku samfélagi og leitust við að halda tryggð við hugsjónir sínar.

En hvernig skyldi þeim hafa gengið að auka frelsi hér á landi – og hvaða áhrif höfðu aðgerðir uppreisnarmanna á þá samfélagsþróun sem leiddi til hrunsins? Hafa íslenskir neytendur í raun einhvern tímann upplifað frjálsa samkeppni?

Styrmir Gunnarsson fer hér af mikilli hreinskilni í gegnum afdrifaríkan kafla í sögu Sjálfstæðisflokksins og íslensku þjóðarinnar. Hann styðst við upplýsingar úr innsta hring – meðal annars einkabréf og samtöl – og horfir til framtíðar þar sem ríkjandi hugmyndum í stjórnmálum og málefnum þjóðarinnar er hafnað.

Uppreisnarmenn frjálshyggunnar



ar er 234 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Adalsteinn Svanur Sigfússon hannaði kápu. Bókin er prentuð í Eistlandi.

Þriðja serían af Feðgum á ferð komin á DVD

Feðgar á ferð eru skemmtilegir þættir sem sýndir hafa verið á Stöð 2 þrjú síðustu sumur. Í þáttunum heimsækja þeir feðgar, Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður á Selfossi og Fannar Freyr Magnússon jákvætt og skemmtilegt fólk sem er á öllum aldri og hefur frá mörgum skemmtilegu að segja. Jákvæðni og lífsgleði er mottó þáttanna.

Í fyrra gáfu feðgarnir út DVD disk með fyrstu 20 þáttunum (tvær seríur) en nú er komin út þriðja serían með 10 þáttum frá sumrinu 2017, auk sextán skemmtilegra innslaga frá Magnúsi Hlyni sem hann var líka með á Stöð 2 í sumar en þeir þættir hétu „Ísland í sumar“. Nú gefst öllum tækifæri á að sjá þættina, ekki síst þeim sem eru ekki áskrifendur á

Stöð 2 og misstu því af Feðgum á ferð og Ísland í sumar.

Tveir diskar eru í hulstrinu, annar með þáttunum tíu og hinn með innslögnum sextán. Diskurinn er seldur í Bónus á Selfossi og Hveragerði, í Krónunni á Selfossi og í Bónus í Smáratorgi í Kópavogi. Þá er líka upplagt að panta diskinn og fá hann sendan heim í gegnum heimasíðuna [HYPERLINK "http://www.fedgaraferd.is/"](http://www.fedgaraferd.is/) www.fedgaraferd.is Ódýr og góð jólagjöf.

Myndatexti: Feðgarnir, Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður á Selfossi og elsti sonur hans, Fannar Freyr sem eru með nýjan DVD disk fyrir jólin.



Nýr félagsráðgjafi í Ölfusi

Eyrún Hafþórsdóttir hefur verið ráðin í 100% starf félagsráðgjafa hjá Sveitarfélaginu Ölfusi. Eyrún er með starfsréttindi sem félagsráðgjafi og gegndi hún áður þessu starfi hjá sveitarfélaginu frá árinu 2011 til ársins 2013 þegar hún hóf framhaldsnám. Hún mun hefja störf í byrjun janúar 2018.

www.olfus.is



ICELANDAIR HÓTEL VÍK STÆKKAR VIÐ SIG

Við teygðum þetta og breyttum aðeins vegna eftirspurnar. Upprunalega áttu þetta að vera um 30 herbergi,“ segir Sigurður Elías Guðmundsson, einn eigandi Icelandair Hotel Vík. Fyrirhugað er að bæta við 48 herbergjum með nýrri viðbyggingu. Dagskráin, fréttablað Suðurlands greindi frá.



Um er að ræða 20 lúxusherbergi, fjórar 55 fermetra svítur, fjólfjöldu

skylduherbergi á tveimur hæðum og minni herbergi. Á fyrstu hæð hússins verður spa með heitum pottum fyrir gesti. Á annarri hæð verða fundasalir og á þeirri þriðju svokallaður „panorama northern light bar“.

Í samtali við fréttastofu Vísis segir Elías að þetta sé lokaspretturinn í byggingu hótelsins, en það opnaði dyr sínar í júní 2014. Herbergin eru fyrir 88 talsins en eftir viðbætur verða þau 136.

Upprunalega var ætlunin að bæta við 30 herbergjum en ör vöxtur ferðaþjónustunnar gerði það að verkum að ákveðið var að fjölga þeim.

„Við erum að sjá enn eitt metárið

í nýtingu hjá okkur. Við bregðumst bara við vexti ferðaþjónustunnar með viðbættum á þjónustu og umgjörð,“ segir Elías og ítrekar að stöðugt flæði ferðamanna í gegnum Vík aukist.

„Það er þannig að við erum með gríðarlegan straum austur til okkar. Yfir Reynisfjallið aka yfir 4.000 bílar á dag á sumrin. Við erum að tala um að það fari kannski um 10.000 manns í gegnum Vík á dag þegar best lætur.“

Ætla má að fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum ljúki í maí 2019.

Sonurinn – ný tryllir frá Jo Nesbø

Í Syninum segir frá Sonny sem hefur setið í fangelsi hálfra ævina – fyrir glæpi sem hann framdi ekki. Faðir hans var sagður spillt löggæta sem svipti sig lífi í stað þess að axla ábyrgð, eða þar til nýjar upplýsingar koma fram sem setja allt á annan endann í lífi Sonny's. Sjálfur er Sonny alltaf til í að taka á sig sökina fyrir gróf ofbeldisbrot samfanga sinna. Í staðinn fær hann ómælt magn heróíns.

En eitthvað skelfilegt er í aðsögu. Morðalda gengur yfir Osló. Allt í einu verður Sonny miðpunkturinn – og þegar hann kemst að sannleikanum strýkur hann úr fangelsinu til að leita uppi þá sem sviku föður hans. Hann er hundeltur og fjandmönnum

hans fylgar stöðugt. Hver nær honum fyrstur?

Hér er enginn Harry Hole – en allt annað sem lesendur Jo Nesbø þekkja svo vel er til staðar: Harka og hefnd, óbærilega spennandi atburðarás sem stöðugt kemur flutt upp á lesandann og snýr öllu við.

Með bókardöðinni um Harry skrifaði Nesbø sig í fremstu röð Norræna rithöfundu og er einn af bestu og vinsælustu glæpasagnahöfundum í heimi. Honum tekst snilldar vel upp í þessari hörku finu spennuögu sem gefur bestu Hole bókunum lítið eftir, þó mikil eftirsjá sé í þeim kostulega karakter sem Harry Hole er.

Bjarni Gunnarsson þýddi.



Ójöfnuður á Íslandi

Ójöfnuður á Íslandi fjallar um hvernig tekju- og eignaskipting á Íslandi þróaðist frá millistríðsárunum til samtímans. Sýnt er hversu ójafnt tekjur og eignir skiptust fyrir stríð en urðu svo mun jafnari á eftirstríðsárunum. Í um hálföld voru Íslendingar, ásamt öðrum norrænum þjóðum, með einna jöfnustu tekjuskiptingu sem þekktist í heiminum. Þjóðfélagið tók síðan stakkaskiptum með verulegri aukningu ójafnaðar á rúmum áratug fram að hrúni fjármálakerfisins árið 2008. Þau umskipti tengjast einkum breyttu þjóðmálaviðhorfi og nýjum aðstæðum sem eiga rætur að rekja til stjórnmála, hnattvæðingar og fjármálavæðingar.

ingar.

Þetta er í senn saga mikilla umskipta og raunar mikillar sérstöðu íslensks samfélags. Meginmynstrið í langtímaþróun ójafnaðar á Íslandi var þó svipað og hjá mörgum vestrænum þjóðum, eins og fram kemur í rannsóknnum Thomas Piketty og félaga. En sveiflur milli jafnaðar og ójafnaðar voru óvenjulegar á Íslandi.



Bókin byggist á viðamiklum greiningum og alþjóðlegum samanburði á skiptingu tekna og eigna en þróun ójafnaðarinnar er sett í samhengi við einkenni íslenska samfélagsins til lengri tíma: atvinnuþróun, stjórnmál, stéttaskiptingu, hugarfar, kynjamun, skattamál, vinnumarkað, velferðarríki og þjóðaraud.

Ójöfnuður á Íslandi er grundvallarrit um þróun íslensks samfélags, stjórnmál og lífsskjör.

Ritstjóri/ar/Höfundur/ar: Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson

Hver er framtíð Suðurlands sem ferðaþjónustusvæðis?

Hvar viljum við vera eftir þrjú ár? Hvaða hlutverk viljum við að ferðaþjónustan spili á áfangastað?

Frjá því á vormánuðum hefur verið unnið að gerð áfangastaðaáætlunar DMP fyrir Suðurland og hefur sú vinna farið vel af stað. Skipað var í vinnuhópa í sumar og fyrstu tveimur vinnufundum svæða á Suðurlandi lokið. Valið var inn í vinnuhópina út frá hagaðilgreiningu, sem búið var að vinna í undirbúningsfasa verkefnisins, þar sem markmiðið var að fá raddir stærstu hagaðila að borðinu. Einnig var íbúum og hagaðilum á hverju svæði fyrir sig gefinn kostur á að bjóða sig fram í vinnuna þegar auglýst var eftir fulltrúum svæða í héraðsblöðunum í byrjun sumars.

Svæðaskipting á Suðurlandi er í samræmi við skiptingu sem kom fram í Markaðsgreiningu Suðurlands:

Vestursvæði: Ölfus, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógarbyggð, Hrunamannahreppur,

ur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur og Rangárþing ytra.

Miðsvæði: Rangárþing eystra, Vestmannaeyjabær, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.

Austursvæði: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Hvað er áfangastaðaáætlun DMP? Áfangastaðaáætlun DMP

(Destination Management Plan) er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samþættingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þar með talið:

þarfir gesta og heimamanna þarfir fyrirtækja og umhverfis

Af hverju DMP? Með gerð áfangastaðaáætlunar DMP fyrir Suðurland verður til heildræn stefna sem lýtur að ferðaþjónustunni sem atvinnugrein, sveitarfélögum, íbúum, umhverfi og

samfélaginu í heild sinni.

Fyrstu vinnufundir voru haldnir á Höfn, í Vestmannaeyjum og í Bláskógabyggð í september og var yfirskrift fundanna Hver er staðan? Þar var dregið fram hvað fólk er ánægt með á svæðinu annarsvegar og hvað má bæta á svæðinu hins vegar. Á fundunum lágu fyrir eftirtaldir umræðurammar sem þátttakendur tóku afstöðu til; opinberir aðilar, innviðir, samfélagið, náttúran, ímynd og gæði og svo samtal og samvinna.

Í október voru vinnufundir haldnir í Suðursveit, Vík og Þorlákshöfn þar sem unnið var með framtíðarsýn svæðanna út frá sömu umræðurömmum.

Nú í lok nóvember fóru fram þriðju vinnufundirnir þar sem farið var í meginmarkmið, starfsmarkmið og grunninn að aðgerðaráætlun fyrir hvert svæði fyrir sig.



Lagt verður upp með að halda opna íbúafundi eftir áramót þar sem staðan á vinnunni verður kynnt og íbúum og öðrum hagaðilum gefið tækifæri á að koma með sitt innlegg eða athugasemdir.

Nánari upplýsingar um verkefnið á Suðurlandi sem og á landsvísu má finna á þessum vefköngum: www.south.is/is/dmp og www.ferdamalastofa.is/dmp

Verkefnastjórar áfangastaðaáætlana DMP á Suðurlandi eru Anna Valgerður Sigurðardóttir, ferðamálafræðingur (anna@south.is) og Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri MPM (laufey@south.is). Starfsstöð þeirra er hjá Markaðsstofu Suðurlands á Selfossi, sem hýsir verkefnið sem er

í eigu Ferðamálastofu. Mikil og þétt samvinna er með öllum svæðum og eru tengiliðir á hverju svæði; Suðvestur svæði Ásborg Arnþórsdóttir, Miðsvæði Arný Lára Karvelsdóttir og Suðaustur svæði Árdís Erna Halldórsdóttir.

Fh. áfangastaðaáætlana DMP á Suðurlandi.

Laufey Guðmundsdóttir og Anna Valgerður Sigurðardóttir.
www.hornafjordur.is

Virðum hvíldartímann

VR

um hátíðarnar



Hvíld er ekki bara svefn. Til að njóta gæðastunda um jólin – og allt árið um kring – eiga félagsmenn VR rétt á 11 klukkustunda hvíld á sólarhring að lágmarki.

Nánar á vr.is

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | Sími 510 1700 | www.vr.is



Uppllestur í Bókakaffinu

Síðasta upplestrarkvöld jóla-föstudunnar í Bókakaffinu verður fimmtudagskvöldið 14. desember en þá mæta fimm rithöfundar og lesa úr þýðingum sínum og verkum. Húsið er opnað klukkan átta en lestur hefst hálfnó og stendur í klukkustund. Notaleg jólastund yfir kakóbolli.

Þau sem lesa eru eftirtalin:

G. Jökull Gíslason með bók sína Föðurlandsstríðið mikla og María Mitrofanova þar sem rakinn er saga seinni heimsstyrjaldarinnar á austurvígstöðvunum og saga Maríu sem nú býr í elli sinni á Íslandi en tók sem ung kona þátt í frækilegri framrás Rauða hersins.

Þjörn Halldórsson sem les úr smá-sagnasafni sínu Smáglæpum en bókinn hefur hlotið afar góða dóma.

Guðfinna Ragnarsdóttir kynnrir sem Sagnaþætti sína en þar eru í ættanna kynlega blandi margskonar magnaðar örlagasögur víðsvegar að af landinu.

Dr. Pétur Pétursson kynnrir þýðingar sínar á ljóðum Paul Murray sem er írskur dominikanamunkur og einn af merkari mystkerum kaþólsku kirkjunnar.

Ingibjörg Elsa Björnsdóttir kynnrir forvitnilegar þýðingar sínar á verkum Soffíu Tolstoj en bókinn heitir Svar Soffíu. Soffía var eiginkona hins þekktu Leo Tolstoj og í einu verka sinna svarar hún fullum hálsi málfutningi eiginmanns síns um eiginkonuna og fjölskylduna. Verk Soffíu hafa ekki áður birst í íslenskri þýðingu.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



MD VÉLAR!
... í þjónustu við útgerðina




WILLBRANDT UMFITEKNIK, Solé Diesel, MITSUBISHI MARINE ENGINE, pj woodward, pj diesel, FINNÖY, TIO B.V., Ocellinghaus, HEIMDAL, HUNDSTEDT PROPELLER, MACDUFF Shipyards Group, VULKAN, MEPRODUCTION, CENTA, WALTER



*Gledileg jól
og farsælt komandi ár*

*Merry Christmas
and a Happy New Year*

NÝ BÓK



Ævisaga framkvæmdamannsins
Guðmundar Arasonar

Guðmundur Arason kom frá Vestmannaeyjum ásamt foreldrum sínum og eldri bróður til Reykjavíkur á kreppuárunum. Fjölskyldan var gjaldþrota, þjóðfélagið stóð á brauðfótum og framtíðin allt annað en björt.

Í höfuðborginni vann hann við sendisveinastörf en 12 ára varð hann að hætta í skóla til að leggja sitt af mörkum við kaup á lítilli íbúð fyrir fjölskylduna.

Í bókinni skrifar Guðmundur um lífshlaup sitt, bernskuárin í Eyjum og lífið í Reykjavík.

Hann lærði járnsmíði sem markaði upphafið að langri og farsælli starfsævi framkvæmdamanns, sem með framsýni og dugnaði byggði upp fyrirtækið GA smíðajárn, sem í dag er eitt stærsta járninnflutningsfyrirtæki á Íslandi.



Ekki gleyma mér -persónuleg bók um óvenjulega fortíð

Bókin Ekki gleyma mér eftir Kristínu Jóhannsdóttur frá Vestmannaeyjum kom út fyrir skömmu og hefur vakið verðskuldaða athygli, enda einkar vel skrifuð og áhugaverð bók. Án efa ein af bókum ársins.

Í viðtali við Eyjar.net segir Kristín um bók sína:

„Ja, afhverju ég ákvað að skrifa bók. Það er ekki neitt eitt svar við þeirri spurningu. Þessi bók er búin að vera í vinnslu í nokkur ár og það er ekki svo langt síðan að ég ákvað að setja kraft í að klára verkíð.“

Innihaldið er byggt á minningum mínum um mjög svo áhrifamikinn tíma ævi minnar þegar ég var námsmaður í Leipzig í gamla Austur-Þýskalandi, landi sem lagt var niður fyrir rúmlega 25 árum.

Var hann ef til vill ómerkilegur njósnari?

Aðspurð segir Kristín að bókin segi frá því hvernig var að að búa í einræðisríki með tilheyrandi boðum, bönnum og leyniþjónustu. Í bókinni leitar Kristín svara við spurningum sem höfðu plagað hana lengi. „Voruhverjir vina minna á þessum tíma á mála hjá austur-þýsku leyniþjónustunni og hvað var með kærastann minn, sem hvarf fyrirvaralaust. Var hann ef til vill ómerkilegur njósnari?“

„Bókin kallar fram stemninguna og tíðarandan við þessar óvenjulegu aðstæður í landi sem nú heyrir sögunni til. Það er mikill styrkur að ég hélt dagbók og því gat ég lýst hlutum nokkuð nákvæmlega án þess að vera sífellt að geta í eyðurnar eins og oft vill vera þegar fólk er að rifja upp eitthvað sem er löngu liðið.“



Verðmætt að eiga þessa óvenjulegu fortíð

Kristín segist hafa fengið mikla hvatningu frá fólki sem aðeins þekkti til þessarar sögu hennar og nú er þetta verk orðið að veruleika.

„Bókin er mjög persónuleg, en mér finnst verðmætt að eiga þessa óvenjulegu fortíð og geta rifjað upp aðstæður sem eru flestum hér á landi algjörlega framandi“ segir Kristín.

Suður birtir kafla úr þessari fantagóðu bók Kristínar, annarsvegar fyrsta kaflann og síðan um miðbik bókarinnar.

Haustið 2005 – Það var ekki allt slæmt í DDR

Það var farið að rökkva þegar ég renndi inn á lestarstöðina í Leipzig á fallettu fimmtudagskvöldi í september. Alltaf þegar ég kem til þessarar borgar fer um mig einhver undarlegur straumur. Ég elska þessa borg, hér var ég námsmaður árið 1987, þegar borgin var enn hluti af Þýska alþýðulýðveldinu. Þó þetta sé ekki langur tími af heilli mannsævi, þá var þetta minnisstæðasta skeið lífs míns og tímabil sem mótaði það meira en ég vildi lengi almennilega viðurkenna fyrir sjálfri mér.

Þegar maður á minningar frá því að koma á stóru lestarstöðina í Leipzig þegar hún var dimm og grá bygging sem lyktaði af súrum brúnkolarreyk, og þurfa að standa í langri biðröð til að fá sér kaffibolla þar, svo ekki sé minnst á máltíð – þá er ótrúlegt að sjá hvað allt hefur breyst á innan við tuttugu árum. Nú er lestarstöðin litrík og glansandi gler- og stálverslunarmiðstöð á mörgum hæðum. Ég las einhvers staðar að verslanirnar væru orðnar hátt í hundrað talsins og hægt væri að fá þar á stundinni allt sem hugarinn girntist í alþjóðlegri matargerð.

Ég ákvað að hraða mér í gegn-

um stöðina út í leigubíl, þeir stóðu í langri röð og biðu eftir gestum, sem var aldeilis annað en þegar ég kom hingað fyrst.

Leigubílstjórinn var rosinn maður og hann var í fyrstu frekar fámáll. Ég gat ekki stillt mig um að spyrja hann hvort það væri eitthvað upp úr því að hafa að vera leigubílstjóri í Leipzig nú á dögum. Bætti svo við að mér þætti auðvitað, sem ferðamanni, mjög þægilegt að geta alltaf gengið að bíl vísun við stöðina. Ég vissi nefnilega hvernig þetta hefði verið í gamla daga. Við þessa spurningu fékk leigubílstjórinn heldur betur málið. Hann sagði að það væri alltof mikið af leigubílum og að hann rétt skrimti. Ástæðan væri sú að það væru engin takmörk fyrir því hverjir gætu komið inn á þennan markað. Allskonar aðkomufólk flyktist til borgarinnar, og það tæki atvinnumöguleikana af heimamönnum. Ég skaut því inn að þetta hlyti þó að vera betra en það var í DDR, en hefði betur sleppt þeirri athugasemd. Hann tókst allur á loft. „Það var ekki allt svo slæmt í DDR, þá var allavega ekki verið að hampa útlendingum á kostnað íbúa landsins.“

Bílstjórinn var ekki sáttur við

marginu þýsku ríkjanna og var alls ekki hættur að færa rök fyrir afstöðu sinni þegar við komum á áfangastað í blokk við Kurt-Tucholsky-Straße.

Billinn kostaði tólf evrur, ég rétti honum tuttugu og bað hann að halda afganginum. Auðvitað alltof mikið þjóf, og maðurinn þakkaði líka vel fyrir sig. Hann hefði örugglega borið töskuna fyrir mig upp á fjórðu hæð ef ég hefði falast eftir því. Hann rétti mér nafnspjald um leið og hann kvaddi og bað mig að hringja beint í sig í farsímann ef mig vantaði aftur leigubíl.

Þegar ég horfði á eftir leigubílnum leið svar leigubílstjórans í gegnum hugann: „Það var ekki allt slæmt í DDR.“ Þetta rímaði ágætlega við það sem mér fannst sjálfri. Tilgangur ferðar minnar núna var einmitt að fá nánari vitneskju um það hvað hefði verið gott, og hvað slæmt, í DDR í mínu tilviki.

Daginn eftir fór ég í skjalasafn austur-þýsku leyniþjónustunnar að ganga frá umsókn til að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hvort útsendarar hennar hefðu njósnað um mig.

Ég varð að leggja inn þessa um-

Tvær nýjar bækur frá Urður bókafélag:

Ævisaga Boga Melsteð og saga alheimsins

Urður bókafélag hefur sent frá sér tvær einkar athygliverðar bækur; Bogi Th. Melsteð – ævisaga hugsjónamanns eftir Jón Þ. Þór og Frá miklahvelli til mannheima eftir Þá Ólaf Halldórsson og Lúðvík E. Gústafsson


Frá miklahvelli til mannheima er saga alheimsins. Sagt er frá síaukinni fjölbreytni alheimsins eftir miklahvell. Úr einföldum ögnum verða til stjörnur og vetrarbrautir. Svo bætir í fjölbreytni þegar líf kviknar á einum fylgihnetti tiltekinnar stjörnu, sólar okkar. Miklu seinna koma fram lífverur sem skynja sjálfar sig út fyrir ramma augnabliksins - mannfólkið.

Bókin er ekki bara saga alheimsins, lífsins eða mannfólksins. Með því að horfa á alheiminn sem eina órofnu heild, eina alsögu sjáum við betur af hverju við urðum þær manneskjur sem við og höfum örlög jarðarinnar í hendi okkar.

Bogi Th. Melsteð var einn hinna svonefndu aldamótamanna, þeirra

sem fremstir fóru í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á tímabili nu frá því um 1890 og til 1918. Hann bjó lengst af í Kaupmannahöfn, var mikilvirkur fræðimaður og skrifari um sögu

Íslendinga sem voru mikið lesin hér á landi og víða til á heimilum. Bogi tók virkan þátt í íslenskum stjórnmálum, sat um skeið á alþingi en starfaði þó löngum á bak við tjöldin. Hann var gagnkunnugur ýmsum helstu stjórnmálaforingjum Dana á fyrstu áratugum 20. aldar, var eins konar óopinber ráðgjafi C. Th. Zahle forsætisráðherra, og hafði mikil áhrif á ákvarðanir danskra stjórnmálamanna í "Íslandsmálinu" sem svo var nefnt í Höfn. Bogi beitti sér einnig mikið í atvinnu- og menntamálum Íslendinga og árið 1912 hafði hann forystu um stofnun Hins íslenska fræðafélags í Kaupmannahöfn sem enn starfar.



Bogi hefur lengi legið óbættur hjá garði í íslenski söguritun. Í þessari nýju ævisögu, sem er að verulegu leyti byggð á áður lítt þekktum heimildum, varpar Jón Þ. Þór sagnfræðingur nýju ljósi á hlutverk Boga í sjálfstæðisbaráttunni og um leið á ýmsa lítt kunna og gleymda þætti í íslenski stjórnmálasögu öndverðrar 20. aldar. Hér mun margt koma á óvart.

Bókin er gefin út af Urði bókafélagi og Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn.



Glæsileg jólasýning fimleikadeildar

Glæsileg jólasýning fimleikadeildar Selfoss er að baki og vill deildin þakka öllum sem komu að því að gera hana að veruleika mjög vel fyrir. Alls voru þetta þrjár sýningar og fullt á þær allar.

Það er einstakt að eiga svona frábæra þjálfara, sjálfboðaliða og ekki síst iðkendur sem leggja allt sitt að mörkum til þess að gera sýninguna eins glæsilega og mögulegt er.

Í Jólasýningar nefnd voru þær: Berlind Elíasdóttir, Margrét Lúðvígsdóttir, Sigríður Ósk Harðardóttir, Sigrún Ýr Magnúsdóttir og Þyri Imslund.

Inn á facebook síðunni Selfoss Fimleikamyndir sem Inga Heiða Heimisdóttir heldur úti er hægt að skoða og kaupa myndir frá sýningunni. Allur ágóði fer í sérstakan fræðslusjóð Fimleikadeildarinnar.

www.umfs.is

SS opnar búvöruverslun á Hvolsvelli

Sláturfélag Suðurlands opnaði Búvöruverslun sína á Hvolsvelli, fimmtudaginn 7. desember. Markmiðið með versluninni er að bjóða viðskiptavinum og eigendum



SS gott aðgengi að vöruúrvali fyrirtækisins. Ísólfr Gylfi, sveitarstjóri, færði Guðmundu Þorsteinsdóttur, verslunarstjóra, blómvönd og skjöld frá sveitarfélaginu í tilefni af opnuninni.

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi


Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



Nýtt Hobby 560UL 2018 árgerð til afgreiðslu strax

- Með eftirtöldum aukabúnaði
- 1- Rúmbreyting í eitt stórt
- 2- Gólfhiti Rafmagns
- 3- Sjónvarpsfesting á lið
- 4- Rafgeymakerfi
- 5- Stærri dekk og burðargeta 2000kg
- 6- Sólarsella 150Watta

Verð 4.300.000



Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrid 4x4

Nýir til afgreiðslu nú og í febrúar 2018

Intense plús sjálfsk, dráttarkúla, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá

Verð: 4.260.000 kr.




Nýjar og endurútgefnaar bækur eftir

Hugin Þór Grétarsson



Ó ó Líó er gamansöm bók fyrir yngstu vandræðagemsana. Líó litli er að læra á heiminn enda er svo margt að varast, svo margt sem ekki má. En þá er líka gott að eiga undislega fjölskyldu. Spjaldabók með mjúkri kápu.




Loksins, loksins! Hér er fundin fullkomin lausn til að koma börnum í háttinn! Teljum kindur. Þá geta foreldrar farið að gera eitthvað skemmtilegra en að sinna börnunum sínum, t.d. glápa á sjónvarpsseríu.

Léttlestrarbækur



Í léttlestrarbókunum er unnið með forvitni barna. Getur kata klára allt? Af hverju heldur kisi að hann sé fugl? Eru draugar til? Bækurnar eru stuttar og börn fyllast sjálfstrausti og ánægju með eigin árangur þegar þeim tekst að klára heila bók.




Við kynnum til leiks Brandara og gátur 2. Með þessa í jólapakkanum ábyrgjumst við hlátur og gleði yfir jölin.

Bækur með boðskap



Blómlegt fjölskyldulíf er stuðningsrit fyrir skilnaðarbörn. Bókin er verkfæri til að vinna með tilfinningar og þær breytingar sem verða í lífi barns þegar foreldrar þess skilja.



Verum við sjálf! Samfélagið reynir að segja öllum hvernig þeir eigi að vera, en þá er mikilvægt að hafa trú á sjálfum sér og þor til að vera maður sjálfur.



Ormur gutti fær að heyrna af lífi litla indjánans og að þrátt fyrir að margt sé ólíkt með þeim, er engu að síður svo margt sem þeir eiga sameiginlegt. Gagnleg bók til að ræða fjölmenningu.



Jólaprautir

Skemmtileg þrauta- og litabók um jólasveinana. Sveinarnir skemmta börnum yfir hátíðirnar og dansa með þeim í kringum jólatré. Þessi bók er frábær gjöf í skóinn.

NÝTT AÐALSKIPULAG SAMÞYKKT Í HVERAGERÐI

Nýtt aðalskipulag 2017-2029 fyrir Hveragerðisbæ hefur verið samþykkt og undirritað. Mun það taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum á allra næstu dögum.

Eftirfarandi ávarp flutti Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis, að því tilefni:

Stundum er haft á orði að fjárhagsáætlun sé biblíja bæjarfulltrúa og annarra þeirra sem fylgjast vilja vel með málefnum bæjarfélaga. Í því samhengi mætti því kannski segja að aðalskipulag bæjarfélags sé þá ígildi boðorðanna þegar kemur að stefnumörkun og ákvarðanatöku við uppbyggingu í bæjarfélagi. Hvoruga áætlunina ber að umgangast með léttúð heldur ber að virða þær stefnumarkanir sem þar eru lagðar fram.

Aðalskipulag Hveragerðis sem nú er felld úr gildi var samþykkt árið 2006 og var með gildistíma til ársins 2017. Skipulagslög kveða á um að sveitarstjórnir skuli að loknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagi og á fundi bæjarstjórnar þann 11. desember 2014 var einróma samþykkt að ráðast í heildarendurskoðun þess. Helstu ástæður voru þær að skipulagstímabilið var að renna út, gerð nýrra deiliskipulaga kallaði oftast en ekki á samhliða breytingu á aðalskipulagi, íbúafölgn á skipulagstímabilinu var ekki í samræmi við forsendur sem gert var ráð fyrir og því var kominn tími á að uppfæra spár um íbúaföllun til samræmis við núverandi stöðu

og horfur. Spár í hinu eldra skipulagi um fjölgun gerðu ráð fyrir að íbúar bæjarfélagsins yrðu um 3.400 árið 2017. Efnahagshrun og búferlaflutningar landsmanna í kjölfar þess settu óeitanlega strik í reikninginn og gerðu það meðal annars að verkum að spár gengu ekki eftir. Þrátt fyrir það var íbúafölgn í Hveragerði vel yfir landsmeðaltali.

Aðalskipulagið sem nú er felld úr gildi gerði m.a. ráð fyrir stórfelldri uppbyggingu á svokölluðu Sólborgarsvæði og svæðum sunnan Suðurlandsvegur. Þegar uppbyggingaráform brustu ákvað bæjarstjórn leysa til sín Sólborgarsvæðið og fresta um sinn uppbyggingu þar. Í nýju aðalskipulagi er sérstök áhersla lögð á þéttingu núverandi byggðakjarna svo nýta megi sem best innviði bæjarins sem nú þegar eru til staðar s.s. gatna-, göngustíga- og veitukerfi. Með því móti má taka við hundruðum nýrra íbúa með hagstæðum hætti.

Helstu breytingar í nýja aðalskipulaginu felast í færslu Suðurlandsvegur niður fyrir Búrfellslínu. Með breytingunni verður til meira rými fyrir byggð á núverandi bæjarflöt og neikvæð sjón- og hljóðáhrif Suðurlandsvegur verða minni en áður. Góðar tengingar verða tryggðar undir veginn enda er síðar gert ráð fyrir ný-

um atvinnusvæðum og íbúðarbyggð fyrir sunnan veginn.

Við skipulagsvinnuna var hófleg fjölgun íbúa höfð að leiðarljósi en þó var höfð í huga aukin ásókn á síðustu misserum í búsetu í nágrannabyggðum höfuðborgarsvæðisins. Hveragerði hefur ekki farið varhluta af þeirri þróun og því er brýnt að haldið sé fast í taumana þegar kemur að skipulagsmálum enda er það allra hugar að vel takist til og að ekki fjölgi í bæjarfélaginu umfram þolmörk innviða þess.

Bæjarstjórn er sammála um að Hveragerði skuli vera fjölskylduvænn, ferðamanna- og heilsuþæg þar sem áhersla er lögð á umhverfismál. Bæjarstjórn leggur áherslu á lágreista byggð með hlýlegu yfirbragði og að byggðin sé í góðu samræmi við þá náttúru sem umlykur hana. Áhersla er lögð á opin græn svæði í íbúðahverfum, greiðfærar gönguleiðir og gott umferðarskipulag með öryggi íbúa að leiðarljósi. Nýja aðalskipulagið styður áherslur bæjarstjórnar um að sérstaða Hveragerðisbæjar felst ekki hvað síst í staðsetningu bæjarins fjarri ströndum og í fadmi fjalla og leitast verði við að nýta hana með sem bestum hætti.

Endurskoðun aðalskipulagsins var unnin í góðu samstarfi við skipulagsnefnd, bæjarstjórn og með góðu samráði við íbúa Hveragerðisbæjar eins og lög kveða á um. Kynningar á íbúafundum voru ítarlegar og nýjustu vinnugögn, tillögur og aðrar upplýsingar voru ávallt aðgengilegar á heimasíðu bæjarins. Mikil samstaða var um þá stefnumörkun sem

fram er sett í skipulaginu og um þær breytingatillögur sem náðu fram að ganga. Ágreiningur um öll meginatriði skipulagsins var lítill sem enginn. Því má segja að sú stefnumörkun sem fram kemur í nýja aðalskipulaginu og nær til ársins 2029, sé stefna okkar allra, íbúa Hveragerðisbæjar. Vinnan við heildarendurskoðun aðalskipulagsins hefur að mestu mætt á Guðmundi F. Baldurssyni skipulags- og byggingafulltrúa Hveragerðisbæjar. Bæjarstjórn samdi við Landform ehf. um ráðgjöf við endur-

skoðunina og hafa þau Oddur Hermannsson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir borið hitann og þungann af þeirri vinnu. Þessir aðilar ásamt formanni skipulags- og mannvirkjanefndar, Eyþóri H. Ólafssyni og bæjarstjóra hafa skipað starfshóp um gerð aðalskipulagsins og hefur hann hist reglulega. Er þessum aðilum öllum og öðrum þeim sem komið hafa að endurskoðun aðalskipulagsins s.s. ráðgjöfum Verkis hf. sem veittu ráðgjöf um umferðaröryggismál og Úlfi Óskarssyni, skógræðingi, sem veitti ráðgjöf um fríðun trúja færðar bestu þakkir fyrir góð störf.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri



JÓLATILBOÐ

Völundarhús býður 20% afslátt af öllum GARÐHÚSUM

miðað við verð án fylgihluta á heimasíðunni okkar.
Einnig af Sky 15 - 3 garðhúsinu/gestahúsinu og Sky 15 - 44 gestahúsinu.
Einnig bjóðum við 5% aukaafslátt af völdum gestahúsum.



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Tiboð þetta gildir til 31. desember eða á meðan byrgðir endast. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²



www.volundarhus.is

Gleðileg jól



Þorlákshafnarhöfn



RAFÍÐNÁDARSAMBAND
ÍSLANDS



Sveitarfélagið
ÁRBORG



samskip



Sveitarfélagið Hornafjörður



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA TAKA ÞÁTT Í FULLVELDISAFMÆLI ÍSLANDS 2018

Fyrir ári skipaði Alþingi nefnd til að undirbúa hátíðahöld í tilefni 100 ára afmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018 og í dag var haldin kynning í Listasafni Íslands á þeim verkefnum sem afmælisnefnd var falið samkvæmt þingsályktun þar um.

1. desember 2017 markar upphaf 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Skrifað var undir samning um stærsta verkefni ársins í þingsályktuninni, sýningu á handritum, listaverkum og skjólum sem minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar. Einnig voru kynnt önnur verkefni að viðstöddum fulltrúum þeirra verkefna.

Afmælisnefnd var falið að „stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagna á afmælisárinu svo að fornar bókmenntir Íslendinga séu jafnan öllum tiltækar“

og samið var við Jóhann Sigurðsson, útgefanda Sögu forlags um verkið. Ritstjórnar verkisins eru Örnólfur Thorsson, Bragi Halldórsson, Sverrir Tómasson og Jón Torfason. Útgáfustjóri Sögu forlags er Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Árnastofnun, og jafnframt verkefnastjóri útgáfunnar. Auk þeirra vinna Aðalsteinn Eypórsón og Bergljót Kristjánsdóttir að verkinu. Útgáfudagur er 1. júní 2018.

Afmælisnefnd var falið að „láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldis

isréttar er Ísland öðlaðist að þjóðarétti árið 1918“ og samið var við Sögufélag um bókina Fullveldi handa byrjendum (bráðabirgðatitill). Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur er höfundur hennar og er hugmyndin að bókinni verði ríkulega myndskreytt. Jafnframt verður ritgerðasafnið Fullveldisréttur í hugsjón og reynd (vinnuheiti) gefið út um inntak fullveldisréttar. Ritstjórn þess skipa sagnfræðiprófessorarnir Guðmundur Hálfánarson og Guðmundur Jónsson við Háskóla Íslands, Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í lögum við Háskólann í Reykjavík, og Þorsteinn Magnússon, aðstoðarskrifstofustjóri á skrifstofu Alþingis. Höfundar eru Baldur Þórhallsson, Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Eva Dóra Kolbrúnardóttir, Guðmundur Hálfánarson, Guðmundur Jónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Rasmus Gjedssø Bertelsen, Silja Bára Ómarsdóttir, Valur Ingimundarson og Þór-

unn Elfa Bjarkadóttir.

Stærsta einstaka verkefnið verður sýning í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar. Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, undirrituðu samkomulag þar að lútandi á kálfsskinn sem er táknrænt fyrir handritin.

Afmælisnefnd hefur að undanfögnu hvatt til þátttökuverkefna og kannað eftir samstarfi við fjölda aðila og voru þrjú þátttökuverkefni kynnt í morgun.

Landssamband bakarameistara gekk til liðs við afmælisnefndina og ætlar landslið bakara að þróa uppskrift að fullveldisköku sem byggir á gömlum uppskriftum frá upphafi fullveldisins en verður þróuð áfram og færð í nútímalegan búning. Kakan verður til sölu í bakaríum landsins í kringum 1. desember að ári.

Hrafnista stendur fyrir þátttökuverkefninu Fullveldisbörnin – aldarafmæli sem felur í sér að næsta sumar býður Hrafnista öllum fullveldisbörnunum til veislu í Hrafnistu í Reykjavík. Þar verður fullveldiskakan forsynd og smökkuð og fá fullveldisbörnin tækifæri til að koma með álit og ábendingar um þróun hennar.

Umhverfis-Suðurland er þátttökuverkefni í tilefni fullveldisafmælisins sem Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi standa fyrir og snýr að umhverfismálum um allt Suðurland. Drög að dagskrá verkefnisins byggja



m.a. á umhverfisdögum, viðburðum og fræðslu sem snúa að flokkun, endurvinnslu og tiltekt. Dæmi um fræðsluhugmyndir eru moltugerð, matarsóun, skaðsemi plasts, að halda hænur og taupokasaurur. Verkefnið er unnið í samstarfi umhverfisnefnda sveitarfélaganna ásamt fjölda stofnana, s.s. Náttúrustofu Suðurlands, Köttlu Geopark og Vatnajökulsþjóðgarði.

Merki afmælisársins var jafnframt kynnt. Markmiðið var að fanga anda 100 ára afmælis fullveldis Íslands og hönnun þess var í höndum auglýsingastofunnar Pipars TBWA. Litirnir eru rauður, blár og hvítur og mynstur merkisins sækir fyrirmynd sína til skrauthnúta íslenskra víkinga. Bylgjur þess og óendanleiki lykkjunnar standa fyrir sterk bönd samfélagsins.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri (862 2277), ragnheidurjona@fullveldi1918.is.
www.sass.is

Sturtuveisla!



Sturtuhurðir
Breidd
70, 80 og 90 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 70cm. 29.544



Sturtuhorn
Stærðir
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 70x70 cm. 30.500



Sturtuvængir
með lyftilöm
Stærðir
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
100 x 100 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 70x70 cm 29.600




Laus svunta

Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.

Rúnnaðir stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.

Kantaðir stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.




Sturtuhorn með botni
Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. 35.900



Sturtuhorn
Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. 32.107



8 mm. hert
öryggisgler
með festingum
Stærð 70 - 120 cm.
Hæð 200 cm.

Verðdæmi 70 cm. 26.190

Gæði, úrval og gótt verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



- fyrir þitt heimil



Jón Steindór nýr formaður knattspyrnudeildar

Á aðalfundi knattspyrnudeildar Selfoss sem fór fram 6. desember var nýr formaður kjörinn. Jón Steindór Sveinsson mun taka við keflinu af Adolf Ingva Bragasyni sem flytur af landi brott á nýju ári.

Aðrir meðlimir stjórnar voru endurkjörnir og er nýja stjórnin á meðfylgjandi mynd.

Á fundinum kom fram að rekstur deildarinnar er góður. Bygging á fjól-

nota íþróttahúsi er komin í gegnum fyrstu umræðu fjárlaga bæjarstjórnar og mun lokasvar um byggingu þess liggja fyrir í þessari viku

Á fundinum fengu Gunnar Borgþórsson, Guðmundur Sigmarsón og fráfarandi formaður, Adolf Ingvi Bragasón allir síflurmerki knattspyrnudeildar fyrir frábært starf í þágu deildar síðustu ár.

www.umfs.is


Vatnshitablásarar



**Tilboð
89.990**

Öflugir blásarar með þykkar kopar pípum og léttari hönnun.

Pakblásarar



Purrktæki
Er rakastigið of hátt?



Tilboð
frá kr
39.990



Loftviftur



Gluggaviftur

Útsogsviftur

Íshúsið viftur.is
-andaðu léttar

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.




750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá WÖRMANN kerrum



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

Auglýsingar:
Sími 578 1190 og
auglysingar@fotspor.is

Ritstjórn:
Sími 863 5518 og
sudri.heradsblad@gmail.com

SUÐUR

LANDSHLUTABLAÐ

1. tölublað
1. árgangur

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir Sverrir Einarsson Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Eru kosningar í vor?



Nú er sá árstími sem sveitarfélög eru að afgreiða fjárhagsáætlanir sínar vegna næsta árs. Í Svf Árborg hefur fjárhags og fjárfestingaáætlun verið unnin í ágætu samstarfi allra kjörinna fulltrúa. Þó ætti ekki að fara framhjá neinum sem kynnir sér áætluninna að kosningar eru á næsta ári, og bætir meirihluti D lista kinnroðlaust vel í nýfjárfestingar á næsta ári.

Mjög mikil fólksfölgun hefur verið í Árborg að undanfögnu, og vegna þess hafa tekjur sveitarfélagsins aukist verulega en útsvarstekjur eru langstærsti tekjustofn sveitarfélagsins, og því mjög brýnt að huga að uppbyggingu og viðhaldi á þeim þjónustubáttum sem sveitarfélagið veitir íbúum sínum.

Ef að rýnt er í tölur undanfarinna ára njóta íbúar í Svf Árborg þess ríkulega þegar kemur að sveitarstjórnarkosningum, sem dæmi má nefna að á kosningarárinu 2014 voru fjárfestingar rétt um það bil 1.400.000 millj króna, árið 2015 voru fjárfestingar 839.213 millj en fóru á árinu 2016 niður í 447.160.

Á þessu ári sem nú er líða er upphæðin svipuð og árið 2015, og nú liggur fyrir að fjárfesta fyrir á næsta ári fyrir fyrir svipaða upphæð og gert var þegar kosið var síðast. Það má öllum vera ljóst að slík forgangsroðun framkvæmda getur vart flokkast undir hreina tilviljun.

Að undanfögnu hefur verið vinna í gangi um mögulega sameiningu sveitarfélaga í Árnassýslu í eitt öflugt sveitarfélag. Því miður er reynslan sú að þar sem sveitarfélög hafa verið sameinuð að íbúar jaðarsvæða hafa fundið sig afskipta og einnig þegar kemur að hinum ýmsu þjónustubáttum sem sveitarfélög veita íbúum sínum. Ef fjárfestingar í Svf Árborg á því kjörtímabili sem nú er að verða búið væru reiknaðar niður per íbúa miðað við þau svæði sem fólk býr á í sveitarfélaginu ætti að hafa verið fjárfest svo dæmi sé tekið fyrir um 500 millj króna í byggðinni við ströndina sem telur rúmlega 1000 íbúa.

Getum við ekki verið sammála á jólaaðventunni að einhvers staðar er vitlaust gefið?

*Eggert Valur Guðmundsson,
bæjarfulltrúi*



GRANDIOSA
GLUTENFRI
NYHET!

FRÁBÆRAR PIZZUR



OFHLEÐSLA
BÁTIA

Fengsælum sjómönnum kann að þykja freistandi að hlaða bát sinn út í hið óendanlega. Það getur hins vegar skapað mikla hættu þar sem ofhleðsla getur leitt til alvarlegra slysa. Gætum að öryggi okkar og siglum örugg í höfn.

Samgöngustofa
og verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda